

88. stjórnarfundur haldinn 26. mars 2015 á Kirkjubæjarklaustri

Mætt: Hjalti Þór Vignisson, Böðvar Pétursson, Ruth Magnúsdóttir, Björn Ingi Jónsson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Snorri Ingimarsson og Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Fundur hófst kl. 10:00

1. Samþykkt dagskrár.

Fyrirliggjandi dagskrá samþykkt, að viðbættum nokkrum liðum.

2. Stjórnunar- og verndaráætlun;

Fyrir fundinum lá 5. útgáfa af drögum að Stjórnunar- og verndaráætlun með áorðnum breytingum.

- Ný tillaga að breyttum texta um tjöldun var tekin sérstaklega fyrir og hún samþykkt.
- Hin nýja útgáfa Stjórnunar- og verndaráætlunarinnar var samþykkt samhljóða.

Stefnt að því að þessi nýja útgáfa Stjórnunar- og verndaráætlunar verði auglýst fyrir sex vikna opið athugasemdarferli og í framhaldi send umhverfis- og auðlindaráðherra til skoðunar og staðfestingar.

3. Fjármál

- Fjárhagsleg rekstrarniðurstaða 2014;

Verið er að leggja lokahönd á fjárhagsuppgjör stofnana ríkisins fyrir árið 2014. Niðurstaðan hvað varðar Vatnajökulspjóðgarð, er að rekstrarhlutinn er nánast á áætlun, örlítill neikvæður mismunur myndaðist vegna útgjalda stofnunarinnar við eftirlit með gosinu í Holuhrauni. Framkvæmdamegin eru greiðslur nokkuð umfram áætlun.

- Rekstraráætlun 2015

Í Fjárlögum ársins 2015, er gerð krafa um hagræðingu í rekstri og nemur sú upphæð 5,4 m.kr.

Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarútgjöld (brúttó) á árinu 2015 verði 500 m.kr., á móti koma annars vegar framlög á Fjárlögum þessa árs til rekstrar að upphæð 280,2 m.kr. og hins vegar áætlaðar heildartekjur garðsins og reksturinn áætlaður að verði í jafnvægi.

- Á næsta stjórnarfundum verður farið ítarlegar yfir rekstraráætlunina.

- Framkvæmdaáætlun 2015

Á Fjárlögum þessa árs eru framlög til framkvæmda 108,2 m.kr., þar af 15 m.kr. sérmerktar til undirbúnings Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri.

Á næsta stjórnarfundum verður farið ítarlegar yfir framkvæmdaáætlunina.

- Fjárlagatillögur 2016

Farið verði fram á hækkun til rekstrar og að framlög til framkvæmda árið 2016 hækki einnig. Þess utan verði gert ráð fyrir fyrsta framlagi af þremur, til framkvæmda gestastofu á Kirkjubæjarklaustri

- Á næsta stjórnarfundum verður frekari kynning á tillögum inn í frumvarp til Fjárlaga 2016.

4. Fundur með svæðisráði vestursvæðis

- Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri,.
- Þjóðgarðsvörður vestursvæðis kynnti;
 - helstu atriði um rekstur og framkvæmdir 2014
 - helstu atriði varðandi rekstur og framkvæmdir 2015.
- Önnur mál

5. Fundur með sveitarstjórn Skaftárhrepps

- Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri;

Fundarmenn hafa áhyggjur af þeim tölum sem hafa orðið á málinu og að óvissu um verkefnið verði að eyða sem fyrst.

6. Möðrudalur-upplýsingamál

Fyrir liggja hugmyndir um rekstur upplýsingastofu í Möðrudal.

Stjórn sammála að Möðrudalur er lykilstaður á austursvæði og stefna beri að samvinnu við ábúendur þar. Slíkt þarf að samræmast innan laga og reglna garðsins, fjárveitingum til hans og sambærilegum samningum á öðrum stöðum.

7. Kynningar- og ímyndarmál Vjb.

Rósa Björk Halldórsdóttir kynnti þá vinnu sem hópurinn hefur unnið að undanfarnar vikur en hún hafði sent stjórn kynningu á hugleiðingum hópsins fyrir fundinn.

Lagði hún til að næsta skref væri að kynna hugmyndina á fundum innan hvers svæðis.

Hópurinn leggur til að fundað verði ásamt rýnihópum sem kallaðir verða saman á hverju svæði fyrir sig.

- Samþykkt

8. Önnur mál

- **Fell**, BÍJ fór yfir stöðu á uppboðsferli jarðarinnar
- **Ferðafélög**, Ákveðið að haldnir verði fundir með Ferðafélögum.
- **Breyting á stjórn Vjb**, Hjalti Þór Vignisson, formaður sagðist hafa óskað eftir lausn frá störfum.

9. Ekkert var ákveðið með næsta stjórnarfundum.

Fundi lauk kl.15:30